



Framtíðarsýn Marel er að vera í fararbroddi á alþjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu h

Marel samstæðan

Við vinnum um veröld alla

Marel hf. var stofnað árið 1983 og er nú komið í fremstu röð í hönnun og framleiðslu hátæknibúnaðar og heildarlausna fyrir fisk-, kjöt- og alifuglaiðnað.


Félagið er skráð í Kauphöll Íslands og eru hluthafar um 1620. Marel samstæðan samanstendur af sjö félögum, sem bera Marel nafnið, ásamt dönsku fyrirtækjunum Carnitech A/S og CP-Food Machinery, sem selja tæknibúnað og framleiðslulausnir til fjölmargra greina í matvælaíðnaði.

Marel samstæðan vinnur gegnum umfangsmikið net umboðsmanna og dreifingaraðila í u.þ.b. 30 löndum víðs vegar um heiminn.

Frá upphafi hafa gæði, áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð í þjónustu við viðskiptavini verið hornsteinninn í starfsemi fyrirtækisins.

Móðurfélagið, Marel hf, hlaut árið 1997 ISO 9001 gæðavottun frá International Standards Organisation fyrir framúrskarandi vöruþróun, sölu, framleiðslu og þjónustu eftir sölu og var fyrsta fyrirtækið á sínu sviði sem slíka vottun hlaut.

Skipulag



Kristal eggjó 2004



Íslenska sjávarútvegssýningin 2002



Besti fyrirtækjavefurinn 2002



þu hátækniþúnaðar fyrir matvælaíðnað og auka þar með framleiðni viðskiptavina fyrirtækisins.

Dótturfélög

Marel Australia

Sigsteinn Grétarsson

Marel Canada

Noel Whitten

Marel Deutschland

Jesper S Christensen

Marel Scandinavia

Bjarne Rask Nielsen

Marel TVM

Thomas Völkl

Marel UK

Halldór Magnússon

Marel USA

Einar Einarsson

Carnitech A/S

Thorkild Christensen

Carnitech U.S. Inc.

Henrik Rasmussen

Carnitech Norge AS


Per Huse

Carnitech Asia Ltd.

Arne Løvig Christensen

CP Food Machinery A/S

Lars Jøker



Stjórn Marel hf:

Benedikt Sveinsson formaður

Arnar Þór Másson

Heimir Haraldsson

Porkell Sigurlaugsson

Þórolfur Árnason

Til vara:

Andri Teitsson

Friðrik Jóhannsson

Forstjóri:

Hörður Arnarson

Endurskoðunarfyrirtæki:

PricewaterhouseCoopers hf

Gunnar Sigurðsson

Ólafur Þór Jóhannesson

Gæðaverðlaunin 2002



Pekkingarverðlaunin 2002



Útflutningsverðlaun Forseta Íslands 1996





Efnisyfirlit

Marel samstæðan	2-3
Afkoma 2003	4-15
Þættir úr starfsemi	16-25
Áritun stjórnar og forstjóra	28
Áritun endurskoðenda	29
Kennitölur	30
Rekstrarreikningur	31
Efnahagsreikningur	32-33
Sjóðstreymi	34
Reikningsskilaaðferðir	35-38
Skýringar	39-43

AFKOMA ÁRSINS 2003

Afkoma ársins 2003

Árið 2003 var að mörgu leyti gott ár hjá Marel, ár þar sem fjárfestingar liðinna ára og hagræðingaaðgerðir hafa skilað árangri og vegið á móti erfiðum ytri skilyrðum, einkum á gjaldþrýsmörkuðum heimsins.

Ársreikningur Marel fyrir árið 2003 er birtur í evrum sem er starfrækslumynt samstæðunnar og er það í annað sinn sem það er gert. Samanburðartölur frá fyrri árum hafa verið aðlagðar að þessum breytingum. Í meginatriðum eru notaðar sömu reikningskilaaðferðir og árið á undan.

Hér á eftir er fjallað um rekstur, efnahag og sjóðstreymi Marel samstæðunnar. Ársreikninginn er að finna á blaðsíðum 27 – 43.

Rekstrartekjur og rekstrargjöld 2003

Rekstrartekjur á árinu 2003 námu alls 108,6 milljónum evra samanborið við 104,0 milljónir árið áður. Rekstrartekjurnar hafa því aukist um 4,0%.

Rekstrargjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda voru 102,1 milljón evra en voru 101,7 milljónir árið 2002 og hafa því nánast staðið í stað. Framlegð fyrir fastan

kosnað, þ.e. mismunur rekstrartekna og aðkeypts efnis, hefur aukist um 2,5 milljónir evra eða um 3,5%. Launakosnaður var 43,5 milljónir evra og var einnig óbreyttur á milli ára. Annar rekstrarkosnaður lækkar um 1,7 milljónir evra eða um 8% frá árinu 2002. Sem hlutfall af rekstrartekjum hafa helstu kosnaðarliðir þróast þannig:


	Árið 2003	Árið 2002
Aðkeypt efni	33,4%	32,8%
Launakosnaður	40,1%	42,1%
Annar rekstrarkosnaður	17,4%	19,9%

Ráðstafanir sem gerðar voru á síðari hluta ársins 2002 og strangt kosnaðaraðhald á árinu 2003 hafa skilað góðum árangri. Áfram er unnið að því að auka enn frekar framlegð í framleiðslu fyrirtækisins með aukinni áherslu á staðlaðar vörur.

Gjaldfærður vöruþróunarkosnaður hjá móðurfélaginu, Carnitech og Marel TVM nam um 6,4 milljónum evra á árinu 2003 samanborið við 6,2 milljónir evra árið 2002 eða aukning um 3,4%.


► Rekstrartekjur

Þús EUR



► Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA

Þús EUR



Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) var eftirfarandi:

	Árið 2003	Árið 2002
EBITDA í þús. EUR	9.877	5.469
EBITDA sem hlutf. af tekjum	9,1%	5,3%
EBIT í þús. EUR	6.568	2.278
EBIT sem hlutf. af tekjum	6,0%	2,2%

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 1,7 milljónum evra samanborið við 2,0 milljónir árið 2002. Á árinu var samið um endurfjármögnun á meginu af langtíma- og skammtímaskuldum móðurfélagsins sem leiddi til umtalsverðs sparnaðar í fjármagnskostnaði og hagstæðari dreifingar á afborgunum í framtíðinni. Heildarskuldur samstæðunnar lækkuðu um 3,7 milljónir evra eða um 6% frá upphafi til loka árs 2003. Þar af lækkuðu vaxtaberandi lán um rúma eina milljón evra. Vaxtaberandi lán móðurfélagsins eru um 72% af sambærilegum lánum samstæðunnar miðað við árslok 2003. Þessi sparnaður kemur að hluta fram á árinu 2003, en að fullu á árinu 2004.


Reiknaður tekjuskattur nam 1,1 milljón evra samanborið við 0,2 milljónir árið áður. Reiknaður eignarskattur var 51 þúsund evrur. Alls voru reiknaðir skattar samstæðunnar tæp 24% af hagnaði fyrir skatta, en félagið starfar í umhverfi þar sem tekjuskattshlutfall er á bilinu 18% - 43%.

Hagnaður af rekstri Marel hf á árinu 2003 nam 3,7 milljónum evra samanborið við 50 þúsund evrur árið áður. Ytri skilyrði voru félaginu að mörgu leyti óhagstæð, einkum gengiskrossinn á milli evru og Bandaríkjadollars, þar sem það fengust um 17% færri evrur fyrir hvern dollar að jafnaði á árinu 2003 samanborið við árið 2002. Bandaríkjamarkaður er Marel mjög mikilvægur og voru tekjur samstæðunnar um 34% í Bandaríkjadollurum á árinu 2003, en kostnaður í þeirri mynt mun minni. Á móti lökkandi raungildi tekna í dollurum hefur náðst góður árangur í sparnaði útgjalda. Rekstur samstæðunnar í milljónum evra skiptist þannig á ársfjórðunga:

	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
Rekstrartekjur	24,1	31,9	21,0	31,6	108,6
Rekstrargjöld	23,1	29,2	19,8	29,9	102,0
Rekstrarhagn (EBIT)	1,0	2,7	1,2	1,7	6,6
EBIT %	4,1%	8,5%	5,4%	5,4%	6,0%
Fjármagnsgjöld nettó	(0,3)	(0,2)	(0,8)	(0,4)	(1,7)
Reiknaðir skattar ófl.	(0,1)	(0,8)	(0,3)	(0,0)	(1,2)
Hagnaður/(tap)	0,6	1,7	0,1	1,3	3,7


► Eignir samtals

Pús EUR



► Eigið fé


Pús EUR



► Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) sem hlutfall af veltu

Pús EUR

Hlutfall



Eignir og og skuldir í árslok 2003


Heildareignir Marel í árslok 2003 voru bókfærðar á 81,3 milljónir evra og hafa þær minnkað um 1,3 milljónir eða 1,5% frá fyrra ári. Þá lækkun má í stórum dráttum rekja til þess að afskriftir fastafjármuna eru 1,4 milljónir evra umfram fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum, lækkun heildarskulda samstæðunnar um 3,7 milljónir og aðrar breytingar til hækkunar um 1,4 milljónir. Á sama tíma eykst eigið fé um 2,4 milljónir.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2003 fyrir 1,9 milljónir evra. Til samanburðar þá var fjárfest í sömu þáttum fyrir að jafnaði 11,7 milljónir evra á árunum 2000 – 2003. Félagið er vel í stakk búíð til að takast á við innri vöxt án þess að til umtalsverðra fjárfestinga þurfi að koma á næstu 2 – 3 árum.

Andvirði birgða í lok árs nam 22,8 milljónum evra og jukust þær um 12,7% á árinu 2003.


Viðskiptakröfur námu 13,3 milljónum evra og lækkuðu þær um 15,1%. Veittur gjaldfrestur var að jafnaði 48 dagar árið 2003 samanborið við 54 daga árið 2002.

Skuldir í árslok 2003 námu 56,2 milljónum evra og lækkuðu um 3,7 milljónir eða 6,2%. Langtímaskuldir hækkuðu um 1,1 milljón, skammtímaskuldir lækkuðu um 4,4 milljónir og aðrar skuldbindingar lækkuðu um 0,4 milljónir. Lækkun skammtímaskulda má einkum rekja til endurfjármögnunar langtímalána, en við það var lengt í lánum samstæðunnar, þar sem endurgreiðslutími er nú að jafnaði um 12 ár.




► Veltufjárhlutfall

Hlutfall




► Veltufé frá rekstri

Pús EUR




► Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum


Pús EUR



► Eiginfjárhlutfall



► Starfsmannafjöldi að jafnaði á ári



Eigið fé í árslok 2003 var 25,2 milljónir evra og hækkaði um 2,4 milljónir á árinu. Breytingin sundurliðast þannig í þúsundum evra:

	2003	2002
Hagnaður	3.749	50
Þýðingarmismunur á erl. eignarhlutum	(515)	(681)
Eigin hlutabréf keypt umfram seld	(511)	(133)
Greiddur arður	(280)	(390)
Annað	-	224
Hækkun/(lækkun) eiginfjár	2.443	(930)

Eiginfjárhlutfall í árslok 2003 var 30,9% en 27,5% árið áður. Veltufjárhlutfall var 1,8 samanborið við 1,4 í lok árs 2002. Hlutfallið "hrein gíring" (vaxtaberandi skuldir að frádrögnum handbæru fé deilt með eigið fé) var 1,40 saman borið við 1,68 í árslok 2002.


Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri var 6,4 milljónir evra árið 2003 samanborið við 2,4 milljónir árið áður. Handbært fé frá rekstri nam 4,9 milljónum evra og hefur ekki áður orðið meira. Í árslok 2003 var handbært fé 4,7 milljónir evra samanborið við 2,9 milljónir í lok ársins 2002.

Starfsmenn

Starfsmenn Marel samstæðunnar voru að jafnaði 773 á árinu 2003 samanborið við 792 á árinu 2002. Af þessum 773 voru 273 á Íslandi og 500 erlendis í 12 fyrirtækum í 8 löndum. Í árslok 2003 voru starfsmenn alls 788. Af þeim störfuðu 266 á Íslandi og 522 erlendis.

Snyrti- og flokkunarlína fyrir kjúkling



Vigtarbúaflokkari



Aðalfundur 2003

Aðalfundur Marel hf fyrir starfsárið 2002 var haldinn 28. febrúar 2003 í Austurhrauni 9, Garðabæ. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf. Formaður félagsstjórnar flutti skýrslu hennar um helstu þætti í rekstri félagsins og horfur. Forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi Marel og dótturfélaga þess. Reikningurinn var samþykktur samhljóða. Einnig var samþykkt að greiða 10% arð af hlutafé Marel hf. Í stjórn voru kjörnir Benedikt Sveinsson, Arnar Þór Másson, Heimir Haraldsson, Þorkell Sigurlaugsson og

Þórólfur Árnason. Til vara voru kjörnir Andri Teitsson og Friðrik Jóhannsson. Endurskoðandi var kjörinn PricewaterhouseCoopers hf.

Samþykkt var tillaga um að stjórn félagsins væri heimilt að kaupa hlutabréf í félaginu fyrir allt að 20 milljónir króna að nafnverði.



IPM III LaserEye skurðarlína fyrir fisk


Hlutabréf

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði frá ársbyrjun 2003 til 25. febrúar 2004 um 91%. Á sama tíma hefur gengi hlutabréfa Marel hf hækkað um 111%. Gengi hlutabréfa Marel hf í byrjun árs 2003 var 17,00. Lokagengi þann 25. febrúar 2004 var 35,90.

Skráð heildarviðskipti með hlutabréf Marel voru 3.690 milljónir króna á árinu 2003, samanborið við 2.371 milljón árið 2002. Á árinu 2003 voru viðskipti með bréf Marel 0,7% af skráðum heildarviðskiptum hjá Kauphöll Íslands. Sambærilegt hlutfall 2002 var einnig 0,7%.

Í júní 2003 var samið við MP fjárfestingarbanka um viðskiptavakt á hlutabréfum Marel hf og hefur hún stuðlað að auknum seljanleika bréfanna.

► Próun gengis hlutabréfa Marel hf borin saman við úrvalsvísitölu (ICEX 15)



Fjöldi hluthafa Marel hf þann 25. febrúar 2004 var 1.616 og fækkaði þeim um 207 frá ársbyrjun 2003.

► Fimm stærstu hluthafarnir miðað við 25. febrúar 2004 voru:

	Nafnverð í þús. kr.	Eignarhlutur
Burðarás ehf	80.226	33,42%
Viðskiptastofa SPRON	18.641	7,76%
Straumur fjárfestingarbanki hf	16.401	6,83%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	13.146	5,48%
Íslandsbanki hf	9.191	3,83%
Samtals	137.605	57,32%
Aðrir: 1.611 hluthafar	102.459	42,68%
Samtals	240.064	100,00%

Marel keypti eigin bréf umfram seld á árinu 2003 að nafnverði 1.017 þúsund krónur. Samtals eru eigin bréf Marel hf í árslok 2003 að nafnverði 4.295 þúsund krónur, sem er 1,79% af heildar hlutafé félagsins. Miðað við 25. febrúar 2004 átti Marel hf eigin bréf að nafnverði 4.3 milljónir króna.



MPS Framleiðsluhugbúnaður

Hugbúnaðurinn er drifkrafturinn í öllum kerfisláusnum sem fyrirtækið afhendir. Hann veitir stöðugt flæði upplýsinga um alla þætti framleiðslunnar og gefur þannig heildaryfirsýn og tækifæri til lagfæringa, sé það nauðsynlegt. Með hugbúnaðinum fæst fullkomin stjórn á framleiðslunni. Hann veitir fjölþættar og auðlesanlegar upplýsingar um það sem skiptir máli, svo sem afköst, nýtingu, þökkun, gæðaeftirlit og frammistöðu einstakra starfsmanna.

Greiningaraðilar Marel hf 2003

Þeir aðilar sem gefa reglulega út greiningar og mat á gengi hlutabréfa Marel hf eru Íslandsbanki hf, KB banki hf og Landsbanki Íslands hf.

Íslandsbanki hf.

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@isb.is – sími: +354 440 4638

KB Banki hf.

Sigþór Jónsson
sigthor@kbbanki.is – sími: +354 444 6000

Landsbanki Íslands hf.

Jónas G. Friðþjófsson
jonasgf@landsbanki.is – sími: +354 560 6000

Portio 4003 kjötskurðarvél





ÞÆTTIR ÚR STARFSEMINNI

Vöruþróun á árinu 2003

Árið 2003 einkenndist af mikilli sölu og eftirfylgni á vörum sem kynntar voru undir lok árs 2002. Stór sölutengd verkefni vógu einnig þungt á árinu 2003 sem og verkefni um samþættingu Marel búnaðar við kerfi nokkurra samstarfsaðila.


Vægi nýrra vörutegunda sem komið hafa fram á sl. tveimur árum í heildartekjum samstæðunnar árið 2003 er um 40%.

Alls var 6,4 milljónum evra varið til vöruþróunar hjá Marel samstæðunni eða 5,9% af veltu, samanborið við 6,2 milljónir evra á árinu 2002.

Helstu áfangar árið 2003

Á árinu 2003 lauk formlega samstarfsverkefni Marel hf. og Carnitech A/S við norska aðila um þróun sjálfvirkrar beinahreinsilínu fyrir bolfisk. Meginmarkmið verkefnisins náðist en línan skilar yfir 70% flaka beinlausum ásamt því að auka nýtingu aðalafurða verulega. Þá skilar línan heilum flökum sem eykur fjölbreytileika afurða. Þróaðar voru tvær nýjar vélar í tengslum við verkefnið, annars vegar beinahreinsivél sem þróuð var hjá Carnitech A/S og röntgenvél (SensorX) til gæðaskoðunar sem þróuð var hjá Marel hf. Marel hefur nú þegar hafið þróun á vél sem nýtir röntgentækni til beinaleitar í alifuglakjöti.

TSM skurðar- og flokkunarkerfi fyrir kjúklingabringur




Árið 2003 hófst sala á nýrri skurðarvél, svokallaðri TSM vél, sem sker alifuglabringur eftir sniðmáti og skilar einsleitum afurðum af fastri þyngd. Þessar afurðir henta sérstaklega vel fyrir skyndibitakeðjur og flugfélög sem gera miklar kröfum um stærð og útlit matarskammta.



Nokkrar nýjar MPS hugbúnaðareiningar litu dagsins ljós árið 2003. MPS SmartPack er ráðgjafarhugbúnaður sem spáir fyrir um árangur í þökkun afurða og gerir vinnslustjórum kleift að stýra betur samsetningu pakkninga. MPS Portioning hugbúnaður tengist IPM3 skurðarvélum og myndar heildarlausn sem gefur Marel sérstöðu á þessu sviði. MPS QC er nýtt altækt gæðaskráningarkerfi sem Marel getur nú boðið viðskiptavinum sínum. Í tengslum við þetta nýja gæðakerfi var þróuð skjástöð M6000 sem hefur snertiskjá og mun þjóna mikilvægu hlutverki í vinnsluferfum Marel í framtíðinni. Þá voru þróaðar öflugar tengingar á milli MPS framleiðsluferfanna og upplýsingakerfanna SAP og WiseFish.

Nokkur vinna var lögð í samstarf við hollenska fyrirtækið Stork PMT um þróun flokkunarlausna á kjúklingastykkjum þar sem vigtar-, samvals- og flokkunartækni Marel er samþætt inn í flutningskerfi Stork. Marel útvíkkaði vigtarbauptækni sína og þróaði hugbúnaðartengingu í þessu skyni. Vigtarbauptækkar eru búnaður sem bæði flokkar stykki og gátvigtar skammta. Slíkir flokkar geta leiðrétt vigtarskekkjur og flokkunarmistök sjálfvirkt og tryggja með því rétta þyngd í hverri pakkningu. Í samstarfi við Stork mætast tvö leiðandi hátæknifyrirtæki á sviði lausna fyrir alifuglavinnslu og útfæra lausn sem á sér enga líka á meðal keppinautanna. Fyrsta vinnsluferfi þessarar tegundar var sett upp í Þýskalandi í lok árs 2003.



Sölu- og markaðsstarf

Marel hf markaðssetur vörur sínar í gegnum dreifikerfi sem byggist á dótturfélögum og umboðsmönnum. Marel hefur selt vörur til yfir 60 landa með ólík tungumál, menningu, vinnsluhætti og tæknistig.

Marel rekur sjö dótturfyrirtæki sem sinna sölu- og markaðsmálum ásamt þjónustu. Þau eru Marel Equipment í Kanada, Marel USA í Kansas, Marel Scandinavia í Danmörku, Marel UK í Bretlandi, Marel Deutschland, Marel TVM í Þýskalandi og Marel Australia, auk viðskipta-skrifstofa í Rússlandi og á Spáni. Í dótturfélögum Marel fer fram öflugt sölu- og markaðsstarf, svo og þjónusta við viðskiptavinum. Marel hefur einnig gert samning við yfir 30 umboðsaðila um að selja og þjónusta Marel vörur víðs vegar um heiminn. Meira en 2/3 af sölu

Marel fer fram í gegnum dótturfyrirtæki þess eða beint frá Marel.

Árið 2003 einkenndist af litlum fjárfestingum í stórum verkefnum þar sem viðskiptavinir seinkuðu ákvörðun um fjárfestingar vegna óvissu í efnahagsmálum heimsins. Mestur var samdráttur innan kjötiðnaðarins. Hins vegar óx sala til fyrirtækja í kjúklingaiðnaði 2003. Marel brást við þessum samdrætti með aukinni áherslu á sölu á stöðluðum vörum og búnaði. M.a. voru kynntar vörur sem mættu nýrri þörf á markaðnum. Sérstök skurðarvél var þróuð til að skera kjúklingabringur í fasta lögun og fasta þyngd til að mæta kröfum skyndibitakeðjanna. Vélin hafði sérstöðu á markaðnum og gekk sala á henni mjög vel.





Áframhald var á lágu verði á laxi og öðrum eldistegundum en iðnaðurinn er að aðlaga sig að hinum lágu verðum. Fjárfestingar í úrvinnslu laxfiska jukust en færðust til frá frumframleiðslulöndunum til úrvinnslulandanna.

Sala til hefðbundins fiskiðnaðar var viðunandi. Marel ásamt Carntech og hagsmunaaðilum í Noregi hafa unnið að þróun nýrrar bolfiskvinnslutækni. Verkefninu lauk á síðari helmingi 2003 og er búist við fjárfestingum í hinni nýju tækni 2004. Marel hefur tekist með vöruþróun og stöðugri aðlögun að mæta þörfum iðnaðarins með flokkurum, skurðarvélum og vinnslukerfum.

Kjúklingaiðnaðurinn í heiminum er að ná sér eftir erfið ár, sérstaklega í Bandaríkjunum og hafa betri rekstrar-skilyrði skapast víða. Sjúkdómar geta þó haft veruleg áhrif á framleiðslu einstakra landa, en framleiðslugetan er það mikil í heiminum að önnur lönd geta auðveldlega aukið framleiðslu sína til að mæta hugsanlegum skorti. Sala á Marelbúnaði gekk mjög vel í kjúklingaiðnaðinn, sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem Marel var fyrst fyrirtækja að bregðast við nýjum kröfum verslunarkeðja. Marel hefur einnig náð umtalsverðum árangri í Evrópu og styrkti stöðu sína í flestum löndum. Umskipti í sölu í kjúklingaiðnað byggist að miklu leyti á nýjum vörum eða tækni til að mæta fyrrgreindum þörfum.

Eftir erfið ár í kjötiðnaði var búist við að fjárfestingar myndu taka við sér 2003 en raunin varð önnur. Almenn kjötneysla er komin í svipað horf og áður eftir mikinn samdrátt, en kjötframleiðendur frestuðu helstu fjárfestingum. Merki er um að fjárfestingar taki við sér árið 2004. Sölukerfi Marel hefur verið eftl m.t.t. kjötiðnaðar sérstaklega í Bandaríkjunum.

Sala Marel árið 2003 var fyrst og fremst til Evrópu og N-Ameríku þar sem dreifikerfið er öflugast. Traustir markaðir eins og Noregur brugðust, en sala var ásættanleg til landa í Mið- og Norður-Evrópu þar sem Marel hefur eigið dreifikerfi. Uppbyggingarstarf heldur áfram á fjarmörkuðum og er það þegar farið að skila sér með vaxandi sölu.



Perfect Partnership þjónustusamningar

Mismunandi þjónustuleiðir eru í boði fyrir viðskiptavinum Marel. Hægt er að velja um silfur, gull eða plátínu þjónustusamninga. Viðskiptavinir velja sér þá þjónustuleið sem henta þeirra vinnslu. Grunnþjónustan er ávallt sú sama en einnig er hægt að bæta við viðhaldi, vöktun, þjálfun og ráðgjöf eftir þörfum eftir því hvaða flokkur er valinn.

Framleiðsla

Framleiðniaukning

Í stefnumótun framleiðsluferlis hjá móðurfélaginu fyrir árið 2003 var ríkust áhersla lögð á framleiðniaukningu, enda höfðu forsendur skapast til þess með fjárfestingum í húsnæði og nýjum framleiðslutækjum. Einnig var stefnt að framleiðniaukningu með aukinni stöðlun framleiðsluvara. Í febrúar 2003 var skipulagi framleiðslu breytt þannig að það styddi betur við framleiðslu staðlaðra vara.

Stýring framleiðslu staðlaðra vara var einnig aðskilin frá stýringu annarrar framleiðslu. Staðlaðar vörur hafa verið framleiddar eftir áætlun og með styttri afhendingartíma en kerfi sem sérsniðin eru fyrir viðskiptavinum.

Áhersla á staðlaðar vörur, streymi aðfanga og kostnað

Á árinu 2004 verður góðum árangri í framleiðslu staðlaðra vara fylgt eftir með enn skarpari fókusi. Stöðluðum vörum mun fjölga á árinu svo áhersla verður lögð á sveigjanleika til að geta skipt á milli framleiðslu ólíkra vara án teljandi uppsetningartíma í framleiðslu. Áherslan verður áfram sú að viðhalda stuttum afhendingartíma varanna. Gert er ráð fyrir aukinni hlutdeild staðlaðra vara í söluverðmætum og að störfum muni fjölga tengt þeirri framleiðslu.

IPM III LaserEye skurðarvél




Þjónusta

Þjónusta er stöðugt vaxandi þáttur í starfsemi Marel hf. Mikilvægi þjónustu bæði fyrir Marel og viðskiptavinum þess, er sífellt að aukast og þar er mörg sóknarfæri að finna. Á árinu 2003 settu umfangsmiklar uppsetningar á stórum vinnslukerfum mark sitt á starfseminna auk eftirfylgni og hefðbundinna þjónustuverkefna.

Tekjur af þjónustu og varahlutasölu, sem fellur undir þjónustuferlið í skipulagi Marel, eru orðnar mikilvægur hluti af heildartekjum fyrirtækisins. Lágt gengi Bandaríkjadals gerði það þó að verkum að tekjur af varahlutasölu náðu tæplega að standa í stað frá árinu 2002, en talsverð tekjuaukning varð af þjónustuverkefnum og þjónustusamningum í samræmi við væntingar.

Á árinu hófst vinna við skipulagningu og undirbúning metnaðarfulls þjónustusamningakerfis, sem ætlað er að verði mikilvægur þáttur í viðskiptum Marel í framtíðinni. Auk þess að gefa sóknartækifæri inn á nýjan vettvang fyrir Marel, mun framkvæmd þjónustusamninganna hækka þjónustustig fyrirtækisins gagnvart viðskiptavinum. Ætlunin er að þjónustusamningakerfinu, sem byrjað er að kynna undir vörueitinu "The Perfect Partnership", verði fyrst komið á í Bandaríkjunum og hér innanlands, áður en það verður boðið í öðrum löndum.

Platino 800 og IPM III LaserEye strimlaskurðarlína fyrir kjúklingabringur





Carnitech a/s

Carnitech er samstæða fimm fyrirtækja. Þau eru Carnitech a/s með höfuðstöðvar suður af Álaborg í Danmörku, CP Food einnig á Jótlandi, Carnitech US í Seattle í Bandaríkjunum, Carnitech Norge og Carnitech Asia í Bangkok í Tælandi. Framleiðsla fer fram í öllum þessum fyrirtækjum nema því síðast talda.

Hjá Carnitech voru að jafnaði 411 starfsmenn á árinu 2003 og fækkaði þeim um 14 frá fyrra ári.


Carnitech þróar, framleiðir og selur tækjabúnað sem er í fararbroddi á sínu sviði í heiminum. Þessi búnaður er til viðbótar við vöruframboð móðurfélagsins án þess að skarast við það. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru eftirfarandi:

- Búnaður til vinnslu á fiski og skeldýrum bæði um borð í skip og í verksmiðjur á landi. Þar má nefna tæki til vinnslu á kaldsjávarrækju, krabba og hvítfiski. Einnig framleiðir Carnitech fjölbreyttan búnað til vinnslu á ræktaðri heitsjávarrækju, öðrum skeldýrum og laxi, bæði ferskum og reyktnum.
- Búnaður til vinnslu á kjöti.
- Vélar til frystingar, íshúðunar og til þíðingar.
- Ýmis búnaður úr ryðfrú stáli, svo sem lyfti- og tæmingarbúnaður fyrir kassa og kór, innréttingar í mötuneyti, húsgögn og fleira þess háttar.

Carnitech hefur þróað nýja vél til flökunar á ferskum laxi. Sala til laxaiðnaðarins hefur aukist með batnandi horfum í þeirri grein.



Carnitech snúningsfrystir



Horfur

Rekstrarumhverfi félagsins er erfitt um þessar mundir, hátt raungengi íslensku krónunnar og lágt gengi Bandaríkjadollars hafa þar mikil áhrif. Spáð er auknum hagvexti og auknum fjárfestingum á helstu mörkuðum félagsins í Evrópu og Bandaríkjunum. Vísbendingar um það hafa komið fram í auknum fjölda verkefna sem eru á undirbúningsstigi. Horfur fyrir afkomu félagsins á árinu 2004 eru nú taldar ágætar, en þó er gert ráð fyrir að árið fari frekar hægt af stað.

Vöruþróun félagsins hefur gengið vel og ýmsar nýjungar t.d. í skurðarvélum og flokkunarkerfum komu fram á árinu 2003 sem gert hafa fyrirtækinu kleift að auka markaðshlutdeild sína. Reiknað er með að nýjar vörur sem markaðssettar verða á árinu 2004 muni styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækisins og breikka starfssvið þess enn frekar.

Góður árangur hefur náðst í að auka framleiðni og lækka kostnað á undanförunum misserum. Áfram verður haldið á þeirri braut og sérstök áhersla er nú lögð á aukna stöðlun á vörum fyrirtækisins svo og aukið hagræði í innkaupum.

Fjárfestingaþörf Marel er ekki mikil í húsnæði né tækjabúnaði á næstu árum, en fyrirtækið mun fjárfesta í vöruþróun og markaðsstarfi til að auka innri vöxt. Fyrirtækið mun á árinu styrkja sókn sína á markaði utan Evrópu og Bandaríkjanna.





Áritun stjórnar og forstjóra

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 108,6 milljónum evra á árinu samanborið við 104 milljónir á árinu 2002. Hagnaður af rekstri samstæðunnar nam 3,7 milljónum evra samanborið við 50 þúsundir evra árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins námu eignir samstæðunnar 81,3 milljónum evra og eigið fé nam í árslok 25,1 milljón evra.

Á árinu störfuðu að meðaltali 773 starfsmenn hjá samstæðunni en 273 hjá móðurfélaginu. Launagreiðslur samstæðunnar námu 39,6 milljónum evra.

Hluthafar í Marel hf voru 1.629 í árslok 2003 og fækkaði þeim um 194 á árinu. Einn hluthafi átti yfir 10% hlut í félaginu, en það er Burðarás hf, sem átti 32,59% af heildarhlutafé félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15% arður til hluthafa á árinu 2004, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins.

Stjórn og forstjóri Marel hf staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2004

Benedikt Sveinsson
Þorkell Sigurlaugsson
Arnar Þór Másson
Heimir Haraldsson
Þórólfur Árnason

Forstjóri

Hörður Arnarson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Marel hf

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu Marel hf fyrir árið 2003. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar 1 - 13. Samstæðuársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Við höfum ekki endurskoðað ársreikninga erlendra dótturfélaga Marel hf, en þeir voru endurskoðaðir og áritaðir án fyrirvara af öðrum endurskoðendum.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í samstæðuársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð samstæðuársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar, byggt á okkar eigin athugunum og áritunum annarra endurskoðenda á ársreikninga dótturfélaga, að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Marel hf og dótturfélaga þess á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. febrúar 2004

PricewaterhouseCoopers hf

Gunnar Sigurðsson
Ólafur Þór Jóhannesson

Kennitölur

	2003	2002	2001	2000	1999
Rekstrarárangur					
Rekstrartekjur samtals	108.643	104.009	97.211	79.391	74.355
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	9.877	5.469	8.174	6.383	7.487
Rekstrarhagnaður (EBIT)	6.568	2.278	5.979	4.528	5.955
Hagnaður (tap)	3.749	50	2.106	(117)	4.306
Fjárhagsleg þróun					
Veltufé frá rekstri	6.366	2.373	4.606	5.300	5.708
Fjárfestingahreyfingar	(1.877)	(17.959)	(12.585)	(13.321)	620
Efnahagur					
Eignir samtals	81.334	82.602	68.829	62.050	41.322
Hreint veltufé	18.191	12.740	14.978	22.458	14.840
Eigið fé	25.167	22.724	23.654	23.722	11.256
Ýmsar stærðir sem hlutfall af veltu					
Aðkeypt efni	33,4%	32,8%	33,0%	33,0%	37,8%
Laun og launatengd gjöld	40,1%	42,1%	39,4%	40,3%	35,2%
Annar rekstrarkostnaður	17,4%	19,9%	19,2%	18,7%	17,0%
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	9,1%	5,3%	8,4%	8,0%	10,1%
Afskriftir	3,0%	3,1%	2,3%	2,3%	2,1%
Hagnaður	3,5%	0,0%	2,2%	-0,1%	5,8%
Aðrar kennitölur					
Veltufjárhlutfall	1,8	1,4	1,6	2,0	1,8
Lausafjárhlutfall	0,8	0,7	0,8	1,3	1,1
Eiginfjárhlutfall	30,9%	27,5%	34,4%	38,2%	27,2%
Arðsemi eigin fjár	16,5%	0,2%	9,4%	-1,0%	65,6%

Fjárhæðir 1999 - 2001 eru umreiknaðar úr íslenskum krónum yfir í evrur þannig að rekstrarliðir eru umreiknaðir á meðalgengi hvers árs en efnahagsliðir á lokagengi.

Rekstrarreikningur ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
Rekstrartekjur			
Sala á vörum og þjónustu		106.452	100.654
Breyting á vörum í vinnslu og fullunnum		799	1.348
Aðrar tekjur		1.392	2.007
		<u>108.643</u>	<u>104.009</u>
Rekstrargjöld			
Aðkeypt efni		36.282	34.117
Laun og launatengd gjöld		43.549	43.763
Annar rekstrarkostnaður		18.935	20.660
Afskriftir	6	3.309	3.191
		<u>102.075</u>	<u>101.731</u>
Rekstrarhagnaður		6.568	2.278
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vextir og gengismunur langtímaskulda	1	(657)	(130)
Önnur fjármagnsgjöld og fjármunatekjur		(1.001)	(1.845)
		<u>(1.658)</u>	<u>(1.975)</u>
Hagnaður fyrir skatta		4.910	303
Tekjuskattur	10	(1.110)	(179)
Eignarskattur		(51)	(74)
		<u>(1.161)</u>	<u>(253)</u>
Hagnaður ársins		<u>3.749</u>	<u>50</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir	Skýr.	2003	2002
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Vörupróun	2	499	500
Langtímakostnaður	3	170	307
Viðskiptavild	4	3.515	3.699
		<u>4.184</u>	<u>4.506</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir	6	25.471	25.676
Vélar og áhöld		4.775	5.450
Húsbúnaður og innréttingar		1.480	1.669
Aðrar eignir		1.384	1.668
		<u>33.110</u>	<u>34.463</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Tekjuskattsinneign	10	1.035	1.603
Eignarhlutir í öðrum félögum	5	753	765
		<u>1.788</u>	<u>2.368</u>
Fastafjármunir samtals		39.082	41.337
Veltufjármunir			
Birgðir	7	22.757	20.187
Viðskiptakröfur	8	13.345	15.723
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.423	2.464
Handbært fé		4.727	2.891
		<u>42.252</u>	<u>41.265</u>
Eignir samtals		<u><u>81.334</u></u>	<u><u>82.602</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2003	2002
Eigið fé	9		
Hlutfé		2.589	2.601
Yfirverðsreikningur hlutfjár		10.794	11.293
Þýðingarmunur		(1.196)	(681)
Óráðstafað eigið fé		12.980	9.511
		<u>25.167</u>	<u>22.724</u>
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	10	726	969
Ábyrgðarskuldbinding		491	611
		<u>1.217</u>	<u>1.580</u>
Langtímaskuldir:	11		
Skuldabréfalán		6.997	7.599
Skuldir við lánastofnanir		23.892	22.174
		<u>30.889</u>	<u>29.773</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		6.519	4.622
Viðskiptaskuldir		5.908	7.554
Ýmsar skammtímaskuldir		7.208	6.873
Fyrirframinnheimtar tekjur		1.193	2.532
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	2.622	6.755
Skattar ársins		611	189
		<u>24.061</u>	<u>28.525</u>
Skuldir samtals		56.167	59.878
Eigið fé og skuldir samtals		<u>81.334</u>	<u>82.602</u>
Veðsetningar	12		
Aðrar upplýsingar	13		

Sjóðstreymi ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		3.749	50
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		3.309	3.191
Gjaldfærð vöruþróun		252	243
Aðrir liðir		(944)	(1.111)
		<u>6.366</u>	<u>2.373</u>
Breyting á rekstrartengdum liðum:			
Víðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		3.139	960
Birgðir		(2.569)	(831)
Skammtímaskuldir		(2.032)	(2.068)
		<u>(1.462)</u>	<u>(1.939)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>4.904</u>	<u>434</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna		(1.891)	(14.419)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		333	266
Kaupverð eignarhluta í öðrum félögum		(22)	(3.556)
Breyting á skuldabréfum og langtímakröfum		84	243
Eignfærð vöruþróun		(251)	(243)
Eignfærður langtímakostnaður		(130)	(250)
		<u>(1.877)</u>	<u>(17.959)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		12.519	20.728
Afborganir langtímalána		(14.817)	(4.492)
Breyting á skammtímalánum		1.897	1.193
Greiddur arður		(280)	(390)
Breyting á eigin hlutafé		(510)	(133)
		<u>(1.191)</u>	<u>16.906</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.836	(619)
Handbært fé í ársbyrjun		2.891	3.510
Handbært fé í lok ársins		<u>4.727</u>	<u>2.891</u>

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og eru fjárhæðir birtar í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla og breytingar á lögum um ársreikninga er gengismunur vegna umreiknings reikningsskila erlendra dótturfélaga með sambætta starfsemi við starfsemi móðurfélagsins færður í rekstrarreikning í stað þess að færa á þýðingarmun meðal eiginfjárliða. Í dótturfélögum með sambætta starfsemi kemur gengismunurinn þannig fram að peningalegar eignir og skuldir eru metnar á gengi í árslok. Eigið fé og fastafjármunir í ársbyrjun eru umreiknaðir í evrum með árslokagengi fyrra árs en nýfjárfestingar á gengi kaupdags. Fjárhæðir í rekstrarreikningi, að undanskildum afskriftum fastafjármuna, eru umreiknaðar í evrum á meðalgengi ársins. Gjaldfærður gengismunur ársins vegna þessa nemur 209 þúsund evrum.

Ársreikningur samstæðu

Ársreikningur samstæðu Marel hf innifelur ársreikninga Marel hf og dótturfélaga þess. Dótturfélögin sem öll eru að fullu í eigu Marel hf eru Marel Australia Pty Ltd, Marel Equipment Inc., Marel France SA, Marel Scandinavia A/S, Marel UK Ltd., Marel USA Inc., Marel Management GmbH, Marel TVM GmbH & Co KG og Carnitech A/S. Marel Deutschland GmbH er dótturfélag Marel TVM GmbH & Co KG og dótturfélag Carnitech AS eru Carnitech Asia Ltd., Carnitech US Inc., Carnitech Norge AS og CP Food AS.

Rekstrarliðir dótturfélaga, sem ekki semja reikningsskil í evrum og eru ekki með sambætta starfsemi við starfsemi móðurfélagsins, eru umreiknaðir í evrum á meðalgengi ársins en efnahagsliðir á lokagengi ársins. Þýðingarmismunurinn er færður á sérstakan reikning meðal eiginfjárliða. Umreikningur dótturfélaga með sambætta starfsemi við starfsemi móðurfélagsins er framkvæmdur í samræmi við lýsingu er fram kemur hér að framan í kaflanum um breytingar á reikningsskilaaðferðum.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra félaga í samstæðunni en innbyrðis viðskiptum og óinnleystum hagnaði milli samstæðufélaga eytt svo og inneignum og skuldum milli félaganna og innbyrðis eignarhlutum.

Verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru uppreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2004. Eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en evru eru umreiknaðar í evrum á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Gengismunur af peningalegum eignum og skuldum við umreikning í evrum er færður í rekstrarreikning Marel hf.

Reikningsskilaaðferðir

Rekstrarreikningur

Innlausn tekna

Tekjufærsla sölu er miðuð við afhendingartíma vara og þjónustu. Auk þess eru vörur í framleiðslu vegna pantana tekjufærðar á söluverði miðuð við framvindu verka.

Hagnaður/tap af framvirkum samningum sem tengjast ákveðnum sölusamningum er fært meðal sölutekna í rekstrarreikningi þegar salan á sér stað og samningarnir eru gerðir upp.

Breyting á vörum í vinnslu og fullunnum

Breyting á vörum í vinnslu og fullunnum sýnir verðmætaaukningu eða minnkun þessara birgða á árinu.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af útseldri þróunarvinnu ásamt leigutekjum tækja og ýmsum tekjum.

Reiknaður tekjuskattur

Í rekstrarreikningi er gjald- eða tekjufærð fjárhæð sem svarar til reiknaðs tekjuskatts af hagnaði eða tapi ársins.

Efnahagsreikningur

Vöruþróun

Þróunarvinna móðurfélags við nýjar söluhæfar framleiðsluvörur er að hluta til eignfærð í ársreikningi. Kostnaður þessi er gjaldfærður á þremur árum. Annar rannsóknar og þróunarkostnaður er gjaldfærður á árinu.

Langtímakostnaður

Eignfærður langtímakostnaður er kostnaður við öflun einkaleyfa. Kostnaður þessi er gjaldfærður á þremur árum.

Viðskiptavild

Viðskiptavildin er tilkomin vegna kaupa Carnitech A/S á rekstri OL - Tool Production á árinu 2001 og CP Food Machinery í ársbyrjun 2002 og reiknast hún sem mismunur á kaupverði og matsverði fasteignar, innréttinga, áhalda og tækja sem fylgdu með í kaupunum. Afskriftartími viðskiptavildar er 20 ár.

Reikningsskilaaðferðir

Varanlegir rekstrarfjármunir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftartími fasteigna er 40 ár en afskriftartími annarra rekstrarfjármuna 3 - 10 ár.

Leigusamningar

Marel hf og dótturfélög þess hafa gert nokkra fjármögnunarleigusamninga vegna kaupa á bifreiðum, vélum og tækjum. Þrátt fyrir að eignarréttur leigufjármuna sé hjá leigusala eru þeir færðir til eignar í ársreikningnum meðal varanlegra rekstrarfjármuna og eru afskrifaðir eins og þeir. Jafnframt hefur verið færð skuld við leigusala meðal langtímaskulda. Þar er um að ræða núvirði eftirstöðva viðkomandi leigusamninga miðað við umsamdar greiðslur og ávöxtunarkröfu.

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigu eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi á leigutíma rekstrarfjármuna.

Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutur í Eignarhaldsfélagi hlutafélaga ehf er eignfærður á kaupverði framreiknuðu til ársloka 2001. Eignarhlutur í Stáltaki hf er eignfærður á nafnverði en eignarhlutur í Arbor SA á kaupverði.

Birgðir

Hráefni og varahlutir eru metnir á innkaupsverði.

Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði.

Vörur í framleiðslu vegna pantana eru verðlagðar á söluverði miðað við framvindu verka. Innborganir frá viðskiptamönnum eru dregnar frá verðmæti vara í framleiðslu vegna pantana samkvæmt efnahagsreikningi.

Vörur í framleiðslu eru metnar á dagverði ef væntanlegt söluverð að frádragnum kostnaði við fullvinnslu og sölu þeirra (dagverð) er lægra en bókfært kostnaðarverð á reikningsskiladegi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádraginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Reikningsskilaaðferðir

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign)

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færirst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður félagsins miðast við aðrar forsendur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi félagsins, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Reiknuð skattinneign er tekjuskattur sem líklegt má telja að unnt sé að endurheimta síðar vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Ábyrgðarskuldbinding

Auk tillags til varasjóðs vegna þekktra ábyrgðarviðgerða er lagt í almennan ábyrgðarsjóð ákveðið hlutfall af sölu liðins árs.

Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

1. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	Langtímaskuldir	Aðrir liðir	Samtals 2003	Samtals 2002
Vaxtatekjur	0	222	222	125
Vaxtagjöld	(1.532)	(372)	(1.904)	(2.320)
Gengismunur	875	(851)	24	274
Niðurfærð hlutabréfaeign	0	0	0	(54)
	<u>(657)</u>	<u>(1.001)</u>	<u>(1.658)</u>	<u>(1.975)</u>

	2003	2002
2. Vöruþróun		
Vöruþróun 1/1	500	500
Viðbætur á árinu	251	243
Afskrifað á árinu	<u>(252)</u>	<u>(243)</u>
	<u>499</u>	<u>500</u>

3. Langtímakostnaður

Langtímakostnaður 1/1	307	281
Viðbætur á árinu	130	250
Afskrifað á árinu	<u>(267)</u>	<u>(224)</u>
	<u>170</u>	<u>307</u>

4. Viðskiptavild

Viðskiptavild 1/1	3.699	396
Gengismunur á árinu	(9)	3
Viðbætur á árinu	22	3.491
Afskrifað á árinu	<u>(197)</u>	<u>(191)</u>
	<u>3.515</u>	<u>3.699</u>

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlut- deild	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutir í öðrum félögum:			
Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf	1,43%	ISK 329	4
Stáltak hf	7,29%	ISK 13.235	146
Arbor SA	50,00%	EUR 168	<u>603</u>
			<u>753</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Vélar og áhöld	Húsbún. og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1/1	26.625	10.663	3.355	4.381	45.024
Gengismunur á árinu	(20)	(100)	(73)	(11)	(204)
Viðbætur á árinu	499	649	331	412	1.891
Selt á árinu	0	(302)	(91)	(228)	(621)
Heildarverð 31/12	27.104	10.910	3.522	4.554	46.090
Afskrifað 1/1	949	5.213	1.686	2.713	10.561
Gengismunur á árinu	(2)	(76)	(49)	(11)	(138)
Afskrifað á árinu	686	1.083	464	612	2.845
Selt á árinu	0	(85)	(59)	(144)	(288)
Afskrifað 31/12	1.633	6.135	2.042	3.170	12.980
Bókfært verð 31/12 2003	25.471	4.775	1.480	1.384	33.110

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	2.845
Afskrift langtímakostnaðar	267
Afskrift viðskiptavildar	197
	<u>3.309</u>

7. Birgðir

	2003	2002
Hráefni og varahlutir	9.491	9.475
Vörur í framleiðslu	2.815	1.550
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	6.064	3.855
Fullunnar vörur	4.387	5.307
	<u>22.757</u>	<u>20.187</u>

8. Viðskiptakröfur

Innlendar viðskiptakröfur	473	471
Erlendar viðskiptakröfur	12.872	15.252
	<u>13.345</u>	<u>15.723</u>

Skýringar

9. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins í árslok nam 240 milljónum króna, þar af á félagið sjálft hlutfé að nafnverði 4,3 milljónir króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu að nafnverði.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Yfirverðsreikn. hlutfjár	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Jöfnuður 1/1	2.601	11.293	(681)	9.511	22.724
Keypt eigin bréf	(12)	(499)			(511)
Þýðingarmismunur á erlendum eignarhlutum			(515)		(515)
Greiddur arður				(280)	(280)
Hagnaður ársins				3.749	3.749
Jöfnuður 31/12 2003	<u>2.589</u>	<u>10.794</u>	<u>(1.196)</u>	<u>12.980</u>	<u>25.167</u>

10. Tekjuskattsskuldbinding (-inneign)

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar (-inneignarinnar) greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) í ársbyrjun	(634)
Gengismunur á árinu	15
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	1.110
Tekjuskattur til greiðslu	<u>(800)</u>
	(309)
Tekjuskattsinneign færð á meðal áhættufjármuna og langtímakrafna	<u>1.035</u>
	<u>726</u>

Tekjuskattsskuldbindingin (-inneignin) greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	900
Viðskiptavild	(13)
Ónýtt skattalegt tap	(1.430)
Aðrir liðir	<u>234</u>
	<u>(309)</u>

Skýringar

11. Langtímaskuldir

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

Skuldir í DKK	5.714
Skuldir í EUR	22.122
Skuldir í JPY	1.137
Skuldir í USD	4.348
Skuldir í öðrum myntum	102
	<hr/>
	33.423
Verðtryggðar skuldir í íslenskum krónum	88
	<hr/>
	33.511
Næsta árs afborganir	(2.622)
	<hr/>
	30.889
	<hr/>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2004	2.622
Árið 2005	2.769
Árið 2006	5.463
Árið 2007	2.402
Árið 2008	2.208
Síðar	18.047
	<hr/>
	33.511
	<hr/>

12. Veðsetningar

Á fasteignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess að fjárhæð 15,1 milljón evra í árslok. Á öðrum eignum samstæðunnar hvíla veð og skuldbindingar að eftirstöðvum um 14,1 milljón evra.

13. Aðrar upplýsingar

Leigusamningar

Samstæðan hefur gert leigusamninga um húsnæði, bifreiðar og skrifstofubúnað, nú að eftirstöðvum um 1,6 milljónir evra. Fjárhæðin verður gjaldfærð á leigutíma hvers samnings fyrir sig. Leigusamningarnir renna út á árunum 2004 - 2007.

Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 48 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 24 milljónum evra, framleiðsluvéla og tækja ásamt hug- og skrifstofubúnaði 20 milljónun evra og vörubirgða 20,4 milljónum evra.

Skýringar

Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld

Laun	39.565
Launatengd gjöld	3.984
	<u>43.549</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	<u>773</u>

Starfskjör stjórnenda

	Laun og hlunnindi	Kaupréttir*	Söluréttir*	Eignarhlutur í árslok*
Forstjóri	263	11	13	19
Stjórnarformaður	10	0	0	2
Fjórir aðrir stjórnarmenn	19	0	0	9
Varamaður í stjórn	2	0	0	0
Sjö framkvæmdastjórar	987	25	31	62
	<u>1.281</u>	<u>36</u>	<u>44</u>	<u>92</u>

* Hlutir eru á nafnverði í þúsundum evra.

Ofangreindir kaupréttir eru hluti af kaupréttarsamningum sem frá er sagt hér á eftir.

Ofangreindir söluréttir eru hluti af kaupum nokkurra starfsmanna félagsins á hlutabréfum samtals að nafnverði ISK 5,2 milljónir á genginu 20. Samhliða viðskiptunum veitti Marel hf kaupendum sölurétt að keyptum bréfum sem verja þá fyrir mögulegu tapi af viðskiptunum.

Forstjóri, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulduðu félaginu ekkert í árslok 2003.

Kaupréttarsamningar

Í ársbyrjun 2001 gekk móðurfélagið frá kaupréttarsamningum við starfsmenn sína. Samningarnir kveða á um kauprétt að nafnverði kr. 8.570.000 á genginu 42, sem er nýtanlegur á árunum 2002 - 2007. Til að efna kauprétt starfsmanna mun félagið nýta sér heimild til kaupa á eigin bréfum eða hlutafjárútkningar í samræmi við samþykkt aðalfundar félagsins þann 17. mars árið 2000.

Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

Endurskoðun ársreiknings	162
Könnun árshlutareikninga	40
Önnur þjónusta	66
	<u>268</u>





Marel hf
Ársskýrsla 2003
21. starfsár
Aðalfundur 5. mars 2004





Marel USA Inc.
Lenexa, KS, USA
Sími: +1 913 888 9110
info@marelusa.com

Marel Deutschland
Osnabrück, Þýskaland
Sími: +49 (0)541 500 97 0
info@marel.com

Marel UK
Bromsgrove, England
Sími: +44 1527 880225
info@marel.com

Arbor Technologies
Landevant, Frakkland
Sími: +33 297 56 96 96
arbor.technologies@wanadoo.fr

Marel Canada
Dartmouth, NS, Kanada
Sími: +1 902 468 5181
info@marel.ca

Marel Australia PTY LTD
Morningside QLD, Ástralía
Sími: +61 (0)7 3395 8044
info@marel.com

Marel Spain
Vilagarcía de Arousa, Spánn
Sími: + 34 609 67 57 36
diego@marel.com

Carnitech A/S
Støvring, Danmörk
Sími: +45 99 86 40 00
ct@carnitech.dk

Marel hf
Garðabær, Ísland
Sími: 563 8000
info@marel.com

Marel Scandinavia
Støvring, Danmörk
Sími: +45 99 86 74 00
info@marel.com

Marel Russia
Moskva, Rússland
Sími: +(095) 956 54 91
info@marel.com

Marel TVM
Bruckmühl/Heufeld, Þýskaland
Sími: +49 8061 3877 0
info@marelsvm.de

CP Food Machinery
Hjørring, Danmörk
Sími: +45 98 92 15 11
cpfood@cpfoodmachinery.com